

Sp. 23. Tillaga til þingsályktunar [23. mál]

um féлага- og firmaskrá fyrir landið í heild.

Flm.: Björn Sveinbjörnsson, Björn Fr. Björnsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að koma á stofn féлага- og firmaskrá fyrir landið í heild.

Greinargerð.

Samkvæmt núgildandi lögum eru í hverju lögsagnarumdæmi haldnar skrár yfir skrásetningarskyld félög og fyrirtæki. Eru aðalákvæðin um þetta í lögum nr. 42/1903, um verðlanaskrár, firmu og prókúruumboð. Einnig eru ákvæði um félagaskrár m. a. í lögum um samvinnufélög og hlutafélög. Engin heildarskrá er til um þessi félög og fyrirtæki eða firmu þeirra, og hefur það leitt til ýmiss konar erfiðleika og oft til málaferla, t. d. þegar félög eða fyrirtæki með eins eða líkum nöfnum eru skráð sitt í hverju lögsagnarumdæmi. Heildarskrá mundi verða til mikils hagræðis fyrir alla þá, sem leita þurfa upplýsinga um skráningarskyld félög og fyrirtæki, koma í veg fyrir ýmiss konar vandamál og deilur og skapa festu og samræmi í reglum um skráningu. Á það má benda í þessu sambandi, að haldin er vörumerkjaskrá í Reykjavík fyrir land allt, sbr. 12. gr. laga nr. 47/1968. Sjálfsagt virðist, að sérstakar féлага- og firmaskrár yrðu haldnar í hverju lögsagnarumdæmi hér eftir sem hingað til.